



Fundargerð

397. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.
Fimmtudaginn 25. ágúst 2016, kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson (VP) oddviti, Karl Kristjánsson (KK), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Ágúst Már Gröndal (ÁMG) og Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) í forföllum Söndru Rúnar Björnsdóttur. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá, sveitarstjóri óskaði eftir að fundargerð fjallskilanefndar frá 25. ágúst 2016 yrði tekin til afgreiðslu. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 394., 395. og 396. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldnir 23. júní 2016, 21. og 28. júlí 2016.

Farið yfir fundargerðirnar og þær samþykktar samhljóða.

2. Fjallskilanefnd 19. júlí 2016 og 25. ágúst 2016.

Farið yfir fundargerðirnar.

2.1 Fjallskilaseðill 2016.

*Fjallskilanefnd leggur til að Reykhólahreppur leggi til 10 dagsverk í leitir í Múlasveit. Sveitarstjórn samþykkir að leggja til 7 dagsverk í leitir í Múlasveit. Samþykkt samhljóða.
Fjallskilaseðill 2016 að öðru leiti samþykktur samhljóða.*

2.2 Viðhalds á réttum haustið 2016.

Sjá lið 1608011 í málum á dagskrá.

2.3 Viðhald á réttum 2017.

Vísað til gerðar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2017. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðirnar samþykktar í heild sinni.

3. 3. fundur svæðiskipulagsnefndar 1. júní 2016.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. **1608002– Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga 9. og 10. september 2016.**
Fundarboð og kjörbréf.

Þrír sveitarstjórnarmenn sækja þingið frá Reykhólahreppi auk sveitarstjóra. ÁMG, ÁBG og SRB. Reykhólahreppur fer með 534 atkvæði á fundinum og skiptast þau þannig.

*ÁMG fer með 534/3
ÁBG fer með 534/3
SRB fer með 534/3*

Samþykkt samhljóða, sveitarstjóra falið að útbúa kjörbréf og koma þeim til Fjórðungssambands Vestfirðinga.

2. **1608001– Ósk um tilnefningur í samráðshóp um rannsóknir og nýtingu þangs og þara við Breiðafjörð.**

Erindi frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti dagsett 15. júlí 2016, móttekið 11. ágúst 2016.
Svarbréf sveitarstjóra 15. ágúst 2016.

Reykhólahreppur tilnefndi með bréfi sínu þann 15. ágúst 2016, Karl Kristjánsson og Ingibjörgu Birnu Erlingsdóttur. Formlega samþykkt samhljóða.

3. **1608011 – Eignarumsjón, flutningar fjárheimilda á milli liða.**

Erindi frá umsjónarmanni fasteigna dagsett 23. ágúst 2016.

*Sveitarstjórn samþykkir flutning á fjármunum á milli liða.
250 þús flytjist af lið 3139 yfir á fjallskiladeild réttir. Sveitarstjórn leggur til að framkvæmdir við Birnulund verði frestað til næsta árs og lögð verði áhersla á það að stöðu í Barmahlíð. Samþykkt að ísetning glugga í Reykhólaskóla verði kláruð. Samþykkt samhljóða.*

4. **1608012 – Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.**

Sveitastjórn samþykkir erindið samhljóða.

5. **1608013 – Skólaakstur leikskólabarna, stefna.**

Erindi frá Hafrós Huld Einarsdóttur og Jóhönnu Ösp Einarsdóttur dagsett 23. ágúst 2016.

Sveitarstjórn vísar erindinu í mennta- og menningarmálanefnd til umfjöllunar, samþykkt samhljóða.

6. **15608003 – Sumar- og helgardvöl fatlaðra barna og ungmenna í Reykjadal, beiðni um framlag.**

Erindi frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra dagsett 10. ágúst 2016.

Sveitarstjórn vísar erindinu til velferðarnefndar til umfjöllunar, samþykkt samhljóða.

7. **1604005 – Til umsagnar frá nefndarsviðið Alþingis**

4.1 Frumvarp til laga um námslán og námsstyrki, 794. mál.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn um málið.

Mál til kynningar

1. Ástandsmat á húseigninni Skólabraut 1, Reykhólaskóla.

Matskýrsla unnin af VSÓ ráðgjöf sumarið 2016, send frá umsjónarmanni fasteigna 23. ágúst 2016

Matskýrsla lögð fram. Í skýrslunni er greint frá mati verkfræðinga frá VSÓ ráðgjafar á ástandi húsnæðis Reykhólaskóla að utan og innan og fylgir matinu framkvæmdaráæltun til fjögurra ára. Ljóst er að byggingin þarfnast mikilla steypu- og þakviðgerða. Skýrslan gerir ráð fyrir viðgerðum að upphæð 80 – 100 milljónum eftir því hvort um er að ræða steypuviðgerðir eða skólinn klæddur að utan, og skiptist upphæðin niður á fjögur ár.

Matskýrslunni er vísað til umfjöllunar í mennta- og menningarmálanefnd og til gerðar fjárhagsáætlunar. Sveitarstjóra er falið að koma matinu til kynningar til Innanríkisráðuneytis og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna umræðu um þátttöku Jöfnunarsjóðs við viðhald þeirra húseigna sem fluttust yfir til sveitarfélaganna við tilfærslu grunnskólanna á sínum tíma.

2. 1608005 – Viðmiðunarlaunatafla fyrir fulltrúa í sveitarstjórnnum.

Erindi og launatafla frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 28. júní 2016.

Lagt fram og kynnt.

3. 1602015 – Styrkvegafé 2016.

Svar Vegagerðarinnar dagsett 27. júní 2016.

Lagt fram og kynnt. Sveitarfélagið fékk úthlutaðar 2.2 millj. árið 2016.

4. 1504017 – Samþykkt um fráveitu í Reykhólahreppi.

Staðfesting Umhverfis- og auðlindaráðuneytis dagsett 5. júlí 2016.

Lagt fram og kynnt.

5. 1504018- Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykhólahreppi.

Staðfesting Umhverfis- og auðlindaráðuneytis dagsett 5. júlí 2016.

Lagt fram og kynnt.

5 1608006 - Samráð sveitarstjórna við íbúa.

Erindi frá Innanríkisráðuneyti dagsett 24. júní 2016.

Lagt fram og kynnt.

6 1401018 - Landsskipulagsstefna 2015-2026.

Erindi frá Skipulagsstofnun dagsett 16. júní 2016.

Lagt fram og kynnt.

7 1608007 – Ályktun um fjallskil.

Erindi frá Bændasamtökum Íslands dagsett 9. ágúst 2016.

Lagt fram og kynnt. Sveitarstjóra falið að svara spurningum í erindinu í samráði við formann fjallskilanevndar.

8 1608008 - Hvatning Velferðarvaktarinnar til sveitarstjórna.

Erindi frá Velferðarvaktinni dagsett 9. ágúst 2016.

Lagt fram og kynnt, erindinu vísað til mennta- og menningarmálanefndar.

6. 1603009 – Fundargerð 841. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerðin lögð fram og kynnt.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19:10

_____	_____
_____	_____
_____	_____